

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. **Vogatunga:** Niðurlag 6. töluliðar auglýsingar um umferð í Kópavogi frá 30. desember 1971 breytist þannig, að í stað orðanna „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda)“ komi: „Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda)“.
2. **Skeljabrekka:** Bann við innakstri í norður á Hafnarfjarðarveg frá Skeljabrekku (rétt sunnan eystri brúar við Nýbýlaveg). Umferð um Dalbrekku til norðurs víki fyrir umferð úr Skeljabrekku inn á Dalbrekku samkvæmt reglum 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).
3. **Borgarholtsbraut:** Bann við vinstri beygju af Borgarholtsbraut til norðurs að tengivegi Hafnarfjarðarvegar (vestan brúar). Einstefna verður um þann tengiveg til suðurs, þar til annað verður ákveðið. Heimilt er að aka af Borgarholtsbraut til norðurs eftir götuslóða austan kirkjuholts. Einstefna verður um þann götuslóða til norðurs.
4. **Tengivegur milli Digranesvegar og Hafnarfjarðarvegar:** Umferð um tengiveg í norður (austan brúar) frá Digranesvegi víki fyrir umferð um Hafnarfjarðarveg samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Einstefna til norðurs.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. október 1974.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um laun stundakennara.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að laun fyrir stundakennslu skuli vera sem hér segir í eftirtöldum launaflokkum stundakennara frá 1. sept. 1974 að telja:

Launafll.	Kr.
S. 1	629.58
S. 2	644.83
S. 3	589.91
S. 4	549.27
S. 5	497.78
S. 6	461.08
S. 7	426.15
S. 8	393.53

Laun þessi miðast við kaupgreiðsluvísitölu 149.89 og skulu breytast í samræmi við hana á sama hátt og föst laun. Grunnlaun þessi skulu hækka á sama hátt og grunnlaun ríkisstarfsmanna hækka almennt. Laun þessi miðast við, að lengd kennslustundar sé 40 mínútur. Sé kennslustund lengri skal greiðslan vera hlutfallslega hærri.

2. gr.

Stundakennarar taka laun samkvæmt ofangreindum launaflokkum svo sem hér segir:

- S. 1 Stundakennarar við menntaskólastig með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.
- S. 2 Stundakennarar við menntaskólastig með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni. Stundakennarar við aðra skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s. með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni, og stundakennarar við sérgreinaskóla fyrir kennaraefni með B.A. próf eða sambærilegt próf.
- S. 3 Stundakennarar við menntaskólastig og sérgreinaskóla fyrir kennara, aðrir en þeir, sem taldir eru í S. 1 og S. 2. Stundakennarar við aðra skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s. með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.
- S. 4 Stundakennarar við skóla á framhaldsskólastigi ó. t. a. s., stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk) með cand. mag. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.
- S. 5 Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk) með B.A. próf eða annað sambærilegt próf í kennslugrein sinni.
- S. 6 Stundakennarar við gagnfræðastigsskóla (7.—10. bekk), sem ekki eru taldir annars staðar.
- S. 7 Stundakennarar við barnastigsskóla (1.—6. bekk og forskóla) með kennarapróf.
- S. 8 Stundakennarar við barnastigsskóla (1.—6. bekk og forskóla) án kennaraprófs.

Í stað þeirra prófa, sem tilgreind eru hér að framan, komi einnig önnur próf, sem jafngild teljast við ákvörðun launaflokka fastra kennara.

Ekki skulu tekin til greina önnur próf en kennarapróf og próf í viðkomandi kennslugrein, eða annað það próf, sem kemur að fullum notum við kennslu í henni.

3. gr.

Fyrir stundakennslu við heyrnleysingjaskóla, vanvitaskóla og aðra hliðstæða sérskóla, svo og í bekkjum affbrigðilegra eða vangefinna barna, skal koma 25% álag á greiðslur samkvæmt 1. og 2. grein. Sama álag skal greiða fyrir hópkenndu í söng og hljóðfæraleik.

4. gr.

Eigi skal greiða fyrir eyður, sem verða kunna í starfstíma stundakennara.

5. gr.

Orlofsfé greiðist á stundakennaralaun.

6. gr.

Laun skv. auglýsingu þessari skal greiða öllum stundakennurum, sem ekki taka laun skv. ákvæðum kjarasamninga.

7. gr.

Auglýsing þessi gildir frá 1. sept. 1974 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1974.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 300.

3. október 1974.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 221 12. júlí 1974
um friðunarsvæði á Strandagrunni.

1. gr.

Á eftir orðunum „15. júlí 1974“ í 1. gr. reglugerðarinnar, komi orðin: til 3. október 1974.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins ásamt breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. október 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 301.

3. október 1974.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks
fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 31. desember 1974:

Þorskur:

Ísl. kr. á lb. Cif.

4 × 14 m/r interl.	80.90
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	80.90
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	116.10
5 × 10	119.40
4 × 15	121.60
12 × 1	121.60
Blokk	83.00
Blokk 24½	85.00